

Fréttabréf

FIT



11. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2013



**Orlofsumsóknir á vefnum
Kennitölufلاك
Tillaga uppstillingar-
nefndar**



Afslættir til félags- manna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú eru skráð þar fjöldi fyrirtækja sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini í FIT. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir upplýsingar er hægt að sækja um sérafslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Leigureglur fyrir húsið í Florída

Til að tryggja að ekki verði um misnotkun að ræða á leigu á húsinu í Orlando gildir sú regla að þegar sóttur er lykill að húsinu á skrifstofuna í Borgartúni 30, verður leigjandi að framvísa flugmiða til USA sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þessi framgangsmáti er til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli, sé sjálfur að fara í húsið.

Minum á að opnað er fyrir leigu á húsinu á Florída á orlofsvefnum í byrjun mars árlega og því verður opnað fyrir árið 2014 föstudaginn 1. mars kl.13:00. Fyrstur pantar, fyrstur fær.

Ný regla: LOKAÐ verður til 8. mars á bókanir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa farið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa farið. Þessi regla er sett þar sem mikið er kvartað yfir að sama fólkið sé alltaf að fara í húsið.

Félagsskírteini og dagbók

Félagsskírteini og dagbók voru send út í desember. Þeir félagsmenn sem af einhverjum orsökum telja sig ekki hafa fengið slíkt í hendur eru vinsamlega beðnir að hafa samband við skrifstofu.

Fréttabréf FIT
1. tbl. 11. árg. jan. 2013

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is




Bridge


Spilað er í salnum á 6. hæð í Borgartúni 30 annan hvern fimmtudag kl 19:30

Mótaröð fram á vorið
2013 er eftirfarandi:

17. og 31. janúar -
Gluggasmiðjumótið
14. og 28. febrúar -
Byggiðnarmótið
14. mars og 4. apríl -
Húsasmiðjumótið
19. apríl. - Lolakvöld



Nýr orlofshúsa- bæklingur



Orlofshúsabæklingur FIT fyrir árið 2013 er kominn út og fylgir fréttabréfinu. Að þessu sinni er boðið uppá 29 orlofsíbúðir auk íbúðar í Reykjavík sem er í dagsleigu og hús á Florida sem er í dagsleigu. Hætt hefur verið við að leigja íbúðina á Spáni sem boðið hefur verið uppá í nokkur

ár því nýtingin á henni var ekki ásættanleg. Ákveðið hefur verið að hætta að bjóða uppá tjaldvagna en þess í stað verður boðið uppá svokallaðar orlofs-punktaávísanir sem jafngilda 15.000 krónum til þeirra sem leggja fram kvittun um leigu á ferðavagni Þá verða í boði afslættir á ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttarmiðar vegna hóteltgistinga, veiðikortið og fleira. Opið verður fyrir sumarumsóknir á heimasíðu FIT frá 15. febrúar til og með 15. mars og tilkynnt um úthlutun 19. mars. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.

Út í bláinn

„Út í bláinn“ er ferðahópur FIT og Byggiðnar og eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu - einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins fram í maí. Mæting er við Borgartún 30 kl.13. Oftast er farið í léttar gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á léttu strengi. Frekari upplýsingar fást á Þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Endurskoðun kjarasamninga, launahækkun 1. febrúar



Samninganefndir Félags iðn- og tæknigreina og Samiðnar ákvaðu að veita ASÍ umboð til að fram- lengja kjarasamninga þann 21. janúar. Það kom því ekki til þess að samningunum yrði sagt upp nú um mánaðamótin. Launataxtar hækka því um kr. 11.000 á almenna markaðnum þann 1. febrúar en laun umfram taxta hækka um 3,25%.

SAMNINGSTÍMI STYTTUR UM TVO MÁNUÐI

Samkomulag um endurskoðun samninganna felur einnig í sér að samningstíminn er stytur um tvo mánuði frá því sem áður var ákveðið og munu samningarnir því renna út þann 30. nóvember á þessu ári.

Einnig var samið um mótun atvinnustefnu, stefnu í gengismálum og verðlagsmálum og um aukin framlög atvinnurekenda til starfsmennta- sjóða.

Eins og kunnugt er lá fyrir að flestar forsendur kjarasamninganna frá 5. maí 2011 voru brostnar.

Forsendurnar höfðu verið þær að á árinu 2012 færi kaupmáttur vaxandi, verðbólga yrði innan við 2,5%, gengi krónunnar hefði styrkst þannig að gengisvísitalan yrði undir gildinu 190 í desember 2012 og loks að stjórnvöld stæðu við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf í yfirlýsingu sinni í tengslum við kjarasamningana.

FORSENDAN UM KAUPMÁTT GEKK EFTIR

Það var einungis forsendan um kaupmátt sem gekk eftir. Kaupmáttur lægstu launa hefur aukist og nokkur hluti launafólks hefur notið meiri launa- hækkana en gert var ráð fyrir í kjarasamningi.

Vonir um styrkingu krónunnar hafa hins vegar ekki orðið að veruleika og eins hefur verðbólga

verið meiri en miðað var við þegar samningarnir voru undirritaðir. Vegna mikillar verðbólgu minnk- aði kaupmáttur launa mikils fjölda launafólks á árinu 2012.

Síðast en ekki síst vantaði mikið upp á að ríkis- stjórnin hefði efnt þau fjölmörgu fyrirheit sem gefin voru í tengslum við gerð samninganna í maí 2011. Þar má bæði nefna vilyrði um hækkingu bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga í samræmi við almennar launahækkunir og lækkun tryggingagjalds í samræmi við minnkandi atvinnu- leysi. Stjórnvöld eru einnig ábyrg fyrir því að mikil- vægustu efnahagslegu forsendur samninganna um auknar fjárfestingar í atvinnulífinu gengu ekki eftir.

Þrátt fyrir þessa forsendubresti var það nánast einróma mat forystumanna verkalýðshreyfingar- innar að rétt væri að berja í brestina og endurnýja samninga í stað þess að segja þeim upp. Það gekk eftir með samkomulagi því sem nú liggur fyrir.

KOMIÐ VERÐI Í VEG FYRIR VERÐHÆKKANIR

Eftir þessa niðurstöðu er lögð megináhersla á það af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að atvinnurek- endur og einnig ríkið og sveitarfélögin komi í veg fyrir verðhækkunir og tryggi að skriða verðhækk- ana fari ekki af stað svo að tryggt sé að launahækk- unin 1. febrúar skili auknum kaupmætti.

Ef þróunin verður hins vegar sú að þetta gengur ekki eftir og sá aukni kaupmáttur sem að er stefnt hverfur vegna verðlagshækkana má búast við hörðum átökum á vinnumarkaði þegar samning- arnir renna út í haust.

Hilmar Harðarson, formaður FIT

Gagngerum endurbótum á Voggi lokið

Miklum endurbótum sem staðið hafa yfir á húsinu á Voggi á Mýrum er nú lokið. Þar hefur stærstur hluti loftaplatna, eldhús, andyri og bað verið endurnýjað. Skipt um allar niðurfallsagnir, allt gólfefni og hiti settur í gólf. Húsið var einangrað og múrað utan og sett upp varmadæla til hitunar.

Sett var upp nýtt bað í andyri, potturinn færður og pallurinn stækkaður. Eftir breytingarnar verður húsið einnig aðgengilegt fyrir hjólastóla því sagað var úr hurðaopum og settar stærri hurðir. Í dag er húsið allt hið glæsilegasta eins og sjá má af meðfylgjandi myndum.




Í sólina með Úrvali-Útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum

Í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir, Úrval-Útsýn og Plúsferðir, býður FIT félagsmönnum upp á 30 tilboðsferðir til einhvers af áfanga stöðum ferðaskrifstofanna sumarið 2013.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um afsláttarkjör til FIT fyrir 15. mars og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofsjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kalli.

Sá sem fær úthlutun verður að greiða 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Með afsláttarkóða frá FIT bókar félagsmaðurinn hjá einhverri af ferðaskrifstofunum og skráir afsláttarkóðann í bókunina. Þá á afslátturinn að koma fram strax.

Opnað verður fyrir umsóknir 15 febrúar á orlofsvef FIT, umsóknarfrestur er eins og áður sagði til 15. mars og svör eiga að berast félagsmönnum 20. mars. Verði þessum 30 tilboðsferðum ekki úthlutað að fullu fer afgangurinn inn á vefinn 4. apríl og gildir þá fyrstur kemur, fyrstur fær.



UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFNA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 15. MARS

Allar nánari upplýsingar hjá Þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000

Allar umsóknir á vefnum

Í ár verður ekki sent út umsóknareyðublað fyrir sumarúthlutun, heldur er eingöngu sótt um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Opnað verður fyrir umsóknir föstudaginn 15. febrúar og lokað föstudaginn 15. mars. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir mönnum má senda tölvupóst á orlof@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað sent skriflegar óskir til Félags iðn- og tækni- greina, Borgartúni 30 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 15. mars. Ekki verður tekið við umsóknum í síma.

Allir eiga svo að fá svar 20. mars og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt 3. apríl. Þann 4. apríl kl 13:00 verður það sem ekki leigist sett á orlofs- vefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að setja inn kenni- tölu og lykilorð og velja fyrst hús og svo tímabil. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstu- daginn 7. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag. Verð á vikuleigu verður kr. 20.000

Ferðavagnar.

FIT Hefur ákveðið að breyta fyrirkomulagi á leigu ferðavagna. Ekki verður lengur hægt að fá tjaldvagna í gegnum orlofsíðu FIT, heldur verður hver og einn að annast leigu að öllu leyti sjálfur.

Eftir 12. ágúst verður síðan hægt að koma með eða senda umsókn ásamt fullnaðarkvittun um leigu á hverskonar ferðavagni til skrifstofu FIT í Reykjavík og fá í staðinn 15.000 króna orlofspunktaávisun vegna leigunnar að uppfylltum skilyrðum.

- Félagsmaður þarf að leggja til 15 orlofspunkta af orlofspunktareikningi sínum hjá FIT.
- Leigusamningur verður að vera á nafni félags- manns.
- Leigusali þarf að vera starfandi og skráð ferða- vagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera 6 dagar eða lengur.
- Sækja þarf um á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðu FIT



Aðeins þeir sem ekki fá aðra fyrirgreiðslu úr orlofssjóði geta fengið orlofspunktaávisun.

Þannig á sá sem fær úthlutað bústað ekki rétt á að fá orlofspunktaávisun, sama á við þann sem fær úthlutað ferðaávisun.

Húsið á Spáni verður ekki í boði þetta sumar

Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir á vegum Úrvals-Útsýnar, Plúsferða og Sumarferða. Sækja þarf um og sá sem fær úthlutun þarf að greiða kr 5.000.- en fær í staðinn afsláttarkóða upp á kr. 35.000.- sem hann slær inn við kaup á ferð hjá einhverju af áður töldum ferðaaðilum.

Miðasala. Minnum einnig á „miðasóluna“ á orlofsvef FIT. Þar verður hægt að kaupa afsláttarmiða á hótél- gistingu og flugmiðum, einnig veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída vegna ársins 2014 þann 1. mars kl.13:00. Dagleiga verður hækkuð um rúmlega 4,5% milli ára. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólar- hringsleigan verður kr. 11.500.- auk þrifagjalds kr. 13.500.- á hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

Ný regla: LOKAÐ verður til 8. mars á bókanir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa farið veittur for- gangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa farið. Þessi regla er sett þar sem mikið er kvartað yfir að sama fólk sé alltaf að fara í húsið.



Áhugaleysi hins opinbera á baráttu gegn svartri atvinnu og kennitölufлакki

Þrátt fyrir að tæp þrjú ár séu liðin frá því að lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum tóku gildi og þrátt fyrir að opinber staðall um vinnustaðaskírteini liggi nú fyrir hefur ríkisvaldið enn ekki séð eftirlitsaðilum fyrir nægjanlega skjótvirkum úrræðum. Eftirlitsaðilar eiga því erfitt með að framfylgja lögnum, stunda markvisst eftirlit á vinnustöðum og beita viðurlögum gagnvart þeim fyrirtækjum sem gerast brotleg ekki síst vegna þess hversu þunglamalegt kerfið er. Hið opinbera lætur þannig hjá líða að tryggja að hægt sé að gera aðalverktaka ábyrga fyrir löglegri skráningu og starfsemi undirverktaka sinna og einyrkja.

Vinnustaðaskilríkjum var komið á að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins sem náðu samkomulagi um málið í kjarasamningum árið 2008. Lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum voru sett á Alþingi vorið 2010 og í framhaldinu tók gildi samkomulag ASI og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum í samræmi við lögin. Opinber staðall var gefinn út um skírteinin á síðasta ári.

STÖDLUÐ SKILRÍKI

Staðallinn gerir ráð fyrir að starfsmaður beri á sér vinnustaðaskírteini af staðlaðri gerð og sýni það ef eftirlitsfulltrúi óskar þess. Á skírteininu eiga að koma fram upplýsingar um nafn og kennitölu atvinnurekanda. Ef um starfsmannaleigu eða erlent fyrirtæki er að ræða skal tilgreina skráningu þeirra samkvæmt þeim heimildum sem viðkomandi hefur til að starfa löglega hér á landi. Einnig skal koma

fram nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns, ásamt mynd. Einnig starfsheiti sem á að vera í samræmi við það starf sem viðkomandi er ráðinn til að sinna.

Þá var jafnframt stefnt að því að byggja upp í samstarfi við opinbera aðila kerfi til þess að viðurkenndir eftirlitsaðilar hefðu opin og sjálfvirkan aðgang að gagnabönkum sem skapast við störf eftirlitsfulltrúanna.

Útgáfa vinnustaðaskírteina hefur það markmið að stuðla að betri skattskilum, öflugri samkeppni, auk þess að tryggja rétta skráningu starfsmanna og tryggja að þeir njóti þeirra réttinda sem þeir eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Samræming í útgáfu skírteinanna er til þess hugsuð að tryggja skilvirkt eftirlit og auðvelda störf eftirlitsaðila. Skírteinin eru ekki gefin út af opinberum aðilum heldur er útgáfan á ábyrgð hvers vinnuveitanda. Stöðluð skírteini auðvelda eftirlit með því að skírteinin séu ekki misnotuð.

Í lögunum sem Alþingi samþykkti í maí 2010 segir að markmið laganna sé að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekenda til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Veita skal eftirlitsfulltrúunum aðgang að vinnustöðum í þeim tilgangi. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu sýna vinnustaðaskírteini sé óskað eftir því.

AÐGANGUR AÐ GAGNABÖNKUM

Til þess að eftirlitið sé skilvirkt þurfa þeir sem því sinna að hafa aðgang að opinberum gagnabönkum um skattgreiðslur, starfsréttindi og ýmislegt fleira sem snýr að því hvort lögum og reglum sé fylgt í starfsemi fyrirtækis. Í lögunum er kveðið á um að eftirlitsfulltrúarnir skuli skrá upplýsingar í gagnabanka sem skattfyrirvöld, Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, lögreglustjóri og, þegar við á, Útlendingastofnun og Þjóðskrá hafi aðgang að, þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög.

Þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að hægt sé að beita dagsektum við brot á lögunum þarf fleiri skjótvirkari úrræði sem eftirlitsaðilar geta nánast beitt á staðnum gegn brotlegum fyrirtækjum sem ekki standa skil á sköttum, eða brjóta gegn lögum um starfsréttindi og réttindi starfsmanna sinna og öðrum atriðum laganna.

ÚRRÆÐIN VANTAR

Það skortir verulega á að eftirlitsaðilar hafi úrræði og tæki sem þeir geta beitt með markvissum hætti. Ítrekaðar ábendingar og kröfur verkalýðshreyfingarinnar á hendur stjórnvalda um að þau tryggi nauðsynleg úrræði fyrir eftirlitsaðila hafa ekki borið árangur enn sem komið er.

Meðan málum er svo komið eru lögin um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum því miður ekki jafngott tæki og þau gætu verið á íslenskum vinnumarkaði.

Verkalýðshreyfingin hefur lagt gríðarlega áherslu á það undanfarið að berjast gegn kennitölulakki og svartri atvinnustarfsemi til þess að standa vörð um réttindi launþega og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja.

AÐALVERKTAKAR ÁBYRGIR

Vinnustaðaskírteinin eru mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir betra viðskiptasiðgæði. Ef löggjafinn tryggði eftirlitsaðilum skjótvirk úrræði til að hægt væri að knýja á um það að aðalverktakar séu ábyrgir fyrir því að undirverktakar og einyrkjar, sem þeir ráða í þjónustu sína til þess að vinna að ákveðnu verkefni, brjóti ekki gegn lögum og reglum og grafi með því undan réttindum starfsfólks og samkeppni á markaði væri stigið stórt skref.

Lögin um vinnustaðaskírteini gera ráð fyrir að aðalverktaki sé ábyrgur fyrir því að undirverktakar og einyrkjar sem starfa á vegum hans beri vinnustaðaskírteini. Meðan hið opinbera tryggir ekki eftirlitsaðilum nauðsynleg úrræði er sá lagabókstafur að miklu leyti orðin tóm, því miður.

OPINBERIR AÐILAR SEMJA VIÐ KENNITÖLUFLAKKARA

Það er erfitt að skilja áhugaleysi ríkisins á því að vinna með aðilum vinnumarkaðarins því það hefur mikilla hagsmuni að gæta. Það ætti að vera sam-eiginlegt áhugamál að gera almennilegan skurk í þessum málum og beita alvöru úrræðum gegn kennitölulakki og svartri atvinnustarfsemi.

Áhugaleysi stjórnvalda hefur svo birst með skýrum hætti upp á síðkastið. Á síðustu mánuðum eru þekkt vond dæmi um það að aðilar, sem skilið hafa eftir sig langa slóð gjaldþrota og kennitölulakks, hafi verið „verðlaunaðir“ með verksamningum við opinbera aðila eftir að hafa skilað inn lægsta tilboði í opinberu útboði, þar sem þeir fengu að taka þátt.

Þó ætti reynslan af starfsháttum viðkomandi að gefa opinberum aðilum skýrt til kynna að lág tilboð þeirra byggjast á kennitölulakki og svartri atvinnustarfsemi.

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. GR. LAGA FÉLAGSINS SEGIR:

Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fimm meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, uppstillingarnefnd og helming trúnaðarráðs árlega.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar milli aðalfunda.

Uppstillingarnefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert.

Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ OG SAMNINGANEFND SEGIR Í 20. GREIN FÉLAGSLAGANNA:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð

gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG ER EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.



Ljósmyndir teknar á Stjórnarfundum FIT

Nýrri byggingareglugerð frestað til 15. apríl



Umhverfisráðherra hefur framlengt til 15. apríl bráðabirgðaákvæði í nýrri byggingareglugerð. Þar með komu ekki til framkvæmda um áramót umdeild ákvæði nýrrar reglugerðar. Áfram verður heimilt að gefa út byggingaleyfi á grundvelli eldri reglugerðar, að uppfylltum skilyrðum.

Ákvörðun um frestun var tekin vegna harðrar gagnrýni fjölmargra hagsmunaaðila, þar á meðal Samiðnar.

Könnun sem unnin var fyrir Samtök iðnaðarins benti til að byggingakostnaður þriggja hæða fjölbýlishúss með lyftu mundi aukast um að minnsta kosti 10% vegna nýrrar byggingareglugerðar.

Þær kröfur reglugerðarinnar sem helst hefur verið deilt um snúast annars vegar um aukna einangrun og hins vegar gerir reglugerðin ráð fyrir svokallaðri algildri hönnun í öllum nýjum fjölbýlishúsum.

Útreikningar Samtaka iðnaðarins benda til þess að orkukostnaður þyrfti að áttfaldast frá því sem nú er til þess að bætt einangrun samkvæmt nýju reglugerðinni færi að skila sparnaði.

Algild hönnun felur í sér að allt húsnæði eigi að vera þannig úr garði gert að það henti öllum, hvort sem fólk glímir við skerta hreyfigetu, skerta sjón eða aðra fótlan.

Það er gott og gilt markmið að byggingar séu

hannaðar þannig að komið sé til móts við þarfir fólks með fótlan. Það ætti þó ekki að leiða til þess að gerð sé krafa um að hver einasta íbúð sem byggð er í landinu þurfi að henta þörfum hvers einasta landsmanns.

Einnig virðist það hafa gleymst við undirbúning málsins að taka tillit til efnaminna fólks, til dæmis þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og þurfa að eiga kost á ódýrara og minna húsnæði sem uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur algildrar hönnunar.

Um leið og gildistöku var frestað til 15. apríl tilkynnti ráðherra að Mannvirkjastofnun hefði verið falið að nýta tímann fram að 15. apríl til þess að hafa nauðsynlegt samráð við hagsmunaaðila áður en ný reglugerð tekur gildi.

Mikilvægt er að sá tími verði vel nýttur. Byggingaiðnaðurinn var sú atvinnugrein sem fór verst út úr því hruni sem hér varð. Nýframkvæmdir hafa nánast legið niðri í um fjögur ár. Nú fyrst er farið að örla á viðsnúningi.

Það kemur spáskt fyrir sjónir að við þessar aðstæður séu stjórnvöld að setja reglugerð sem gengur bæði mun lengra en gert er í nágrennalöndunum og mundi leiða til hærri byggingakostnaðar og vinna gegn nýframkvæmdum og aukinni atvinnu.

TILLAGA UPPSTILLINGAR- NEFNDAR FÉLAGS IÐN- OG TÆKNI- GREINA FYRIR AÐALFUND 2013

TILLAGA UPPSTILLINGANEFNDAR UM HELMING STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2015

Formaður	Hilmar Harðarsson
Ritari	Sveinn Ingason
Meðstjórnendur	Georg Ólafsson Gunnar Gunnbjörnsson Vilhjálmur Gunnarsson Ólafur Magnússon Valdimar Birgisson
Varamenn	Þorsteinn G Kristmundsson Rannveig María Jóhannesdóttir

Tillaga uppstillinganefndar um helming aðalmanna í trúnaðarráði til ársins 2015

- Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði *bifvélavirki*
- Sigríður Runólfssdóttir
Selfossi *húsasmiður*
- Hörður Jóhann Geirsson
Reykjanesbæ *bifvélavirki*
- Erling Viðar Guðlaugsson
Kópavogi *málari*
- Elías Óskarsson
Mosfellsbæ *garðyrkja*
- María Steinmóðsdóttir
Hafnarfirði *húsasmiður*
- Heimir B Janusarsson
Reykjavík *garðyrkja*
- Ágúst Guðmundsson
Reykjavík *blikksmiður*
- Hermann Halldórsson
Kópavogi *bifvélavirki*
- Sigurbjörn Lárusson
Akranesi *vélvirki*
- Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi *vélvirki*
- Sigmar Björnsson
Reykjanesbæ *húsasmiður*
- Gunnlaugur Hauksson
Reykjanesbæ *málm.*
- Ágúst Einarsson
Vestmannaeyjum *húsasmiður*
- Brynjar Jónsson
Hafnarfirði *pípulagningamaður*
- Hörður Runólfsson
Kópavogi *múrari*
- Sveinn Grímsson
Reykjavík *múrari*
- Hildur Ingibjörg Sölvadóttir
Kópavogi *tækniteiknari*
- Selma Björk Reynisdóttir
Kópavogi *tækniteiknari*

TILLAGA UM HELGMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2015

- Ingólfur Rögnvaldsson
Hellu *húsasmiður*
- Friðrik Guðni Óskarsson
Reykjanesbæ *pípulagningamaður*
- Bjarni Helgason
Reykjavík *bifreiðasmiður*
- Sigmar Guðmundsson
Reykjanesbæ *málari*
- Óskar Baldursson
Hafnarfirði *garðyrkjumaður*
- Guðlaug F. Þorsteinsdóttir
Hafnarfirði *garðyrkjumaður*
- Sigfinnur Gunnarsson
Reykjavík *múrari*
- Jóhann B. Jónsson
Reykjavík *bifreiðasmiður*
- Sigurður Gísli Karlsson
Kópavogi *bifvélavirki*
- Björn Gottskálksson
Akranesi *stálsmiður*
- Ægir Magnússon
Akranesi *vélvirki*
- Bjarni Árnason
Hafnarfirði *húsasmiður*
- Ingimundur Arngrímsson
Garði *vélvirki*
- Halldór Bjarnason
Vestmannaeyjum *vélvirki*
- Sigurður Gunnarsson
Kópavogi *pípulagningamaður*
- Knútur Kristinsson
Reykjavík *múrari*
- Áslaug Fjöla Vilhjálmsdóttir
Reykjavík *tækniteiknari*
- Steinunn Jónsdóttir
Reykjavík *tækniteiknari*

Tillaga uppstillingarnefndar um kjörstjórn til ársins 2014

Aðalmenn	Maron Tryggvi Bjarnason Kristinn Bjarnason
Varamenn	Ólafur Kristinn Hafsteinsson Arnar Helgason

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN REIKNINGA TIL ÁRSINS 2014

Aðalmenn	Birgir Gíslason Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Varamenn	Unnar Friðrik Sigurðsson Sigfús Birgir Haraldsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FULLTRÚA Á ÞING SAMIÐNAR 2013

1. Hilmar Harðarson
2. Tryggvi Arnarsson
3. Sveinn Ingason
4. Ármann Ægir Magnússon
5. Georg Óskar Ólafsson
6. Einar Þór Gíslason
7. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
8. Sveinn Jónsson
9. Vilhjálmur Gunnarsson
10. Andrés Haukur Hreinsson
11. Ólafur Magnússon
12. Helgi Pálsson
13. Valdimar Birgisson
14. Helgi Ólafsson
15. Þorsteinn Kristmundsson
16. Logi Halldórsson
17. Rannveig María Jóhannesdóttir
18. Rúnar Bogason
19. Ólafur Kristinn Hafsteinsson
20. Kristján Þórðarson
21. Sigríður Runólfsdóttir
22. Hörður Jóhann Geirsson
23. Erling Viðar Guðlaugsson
24. Elías Óskarsson
25. María Steinmóðsdóttir
26. Heimir B. Janusarsson
27. Ágúst Guðmundsson
28. Hermann Halldórsson
29. Kristján Geir Jóhannesson
30. Kristinn Bjarnason
31. Sigfús Birgir Haraldsson
32. Guðlaug F. Þorsteinsdóttir
33. Magnús Sigurðsson
34. Reynir Pálmason
35. Finnur Traustason
36. Ása Jóhannsdóttir
37. Guðmundur Ottósson
38. Reynir Olgeirsson
39. Bjarni E. Gunnarsson
40. Benedikt Jónsson
41. Birgir Gíslason
42. Hlynur Kristjánsson
43. Árni Stefánsson
44. Sveinbjörn Örn Arnarson
45. Ólöf Magnúsdóttir
46. Ingigerður Magnúsdóttir
47. Sigurbjörn Lárusson
48. Sigurður Einarsson
49. Unnar Friðrik Sigurðsson
50. Sigmar Björnsson
51. Gunnlaugur Hauksson
52. Ágúst Einarsson
53. Brynjar Jónsson
54. Hörður Runólfsson
55. Sveinn Grímsson
56. Hildur Ingibjörg Sölvadóttir
57. Selma Björk Reynisdóttir
58. Kjartan Tómasson
59. Hermann Guðmundsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍF-EYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRIÐ 2013

1. Rúnar Bogason
2. Stefán Agnarsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2013

1. Ingólfur Rögnvaldsson
2. Ármann Ægir Magnússon

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI SAMEINADA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2013

1. Hilmar Harðarson
2. Tryggvi Arnarsson
3. Sveinn Ingason
4. Ármann Ægir Magnússon
5. Georg Óskar Ólafsson
6. Helgi Pálsson
7. Valdimar Birgisson
8. Einar Þór Gíslason
9. Vilhjálmur Gunnarsson
10. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
11. Andrés Haukur Hreinsson
12. Sveinn Jónsson
13. Þorsteinn Kristmundsson
14. Helgi Ólafsson
15. Ólafur Kristinn Hafsteinsson
16. Hermann Guðmundsson
17. Kristján Geir Jóhannesson
18. Kjartan Tómasson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2013

1. Ólafur Magnússon
2. Gunnlaugur Hauksson
3. Hlynur Kristjánsson
4. Logi Halldórsson
5. Sigmar Björnsson
6. Guðjón Þórhallsson
7. Sigurður Geirfinnsson
8. Ásbjörn Árnason

TILLAGA STJÓRNAR FIT UM UPPSTILLINGARNEFND TIL ÁRSINS 2014

Einar Þór Gíslason *bifreiðasmiður*
Ólafur Kristinn Hafsteinsson *bifvélavirki*
Birgir Gíslason *málari*
Heimir B. Janusarson *garðyrkjumaður*
Guðmundur Bergsson *húsasmiður*



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilgreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn Borgartúni 30 105 Reykjavík www.lifeyrir.is